



Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar

Leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeið

3. útg. 2022

Ísafjörður

11. og 12. október 2023

Á Leiðbeinenda- og ráðgjafanámskeiðinu eru kynntar aðferðir og hugmyndafræði foreldranámskeiðsins *Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar* og farið rækilega í skipulag, framkvæmd og innihald námskeiðsins. Efnið byggir á gagnreyndri þekkingu og vel rannsökuðum aðferðum. Íslensk rannsókn á árangri námskeiðsins birtist í Sálfræðiritinu 2014.

Rík áhersla er lögð á notkun jákvæðra aðferða í uppeldi, á gildi fyrirmynda, samskipti og tengslamyndun, markvissa kennslu æskilegrar hegðunar og nauðsyn fyrirbyggju, skipulagningar og samkvæmni uppalenda. Í nýlegri endurskoðun og uppfærslu voru gerðar breytingar og viðbætur við foreldranámskeiðið til samræmis við áherslur og þarfir í samtímanum.

Á Leiðbeinendanámskeiðinu er einnig fjallað um uppeldi og uppeldisráðgjöf almennt og farið í hagnýtt efni sem miðar að því að auka færni þátttakenda í að veita árangursríka ráðgjöf um uppeldi bæði til foreldra og starfsfólks í uppeldisstörfum.

Námskeiðið er ætlað fagfólki sem sinnir uppeldisráðgjöf og/eða er í beinum tengslum við börn á ýmsum aldri. Þátttaka á námskeiðinu veitir réttindi til að gerast leiðbeinandi á uppeldisnámskeiðum fyrir foreldra og að nota öll þar til gerð námskeiðsgögn.

Hagnýtar upplýsingar um námskeiðið

- **Þátttakendur:** Námskeiðið er fyrir fagfólk með menntun á uppeldis- eða heilbrigðisviði sem starfar við uppeldi barna eða við ráðgjöf og fræðslu um uppeldi til foreldra eða starfsfólks.
- **Tímasetning:** Miðvikudagur 11.10. kl. 11 – 16 og fimmtudagur 12.10. kl. 9:00 – 16:00. Full viðvera báða dagana er nauðsynleg til að öðlast réttindi leiðbeinenda.
- **Staður:** Stjórnsýsluhúsi á 4. hæð.
- **Þátttökugjald:** Kr. 25.000 Innifalin eru öll námskeiðsgögn, leiðbeinendahandbók, rafræn kennslugögn auk kaffiveitinga og miðdegisverðar báða dagana.
- **Leiðbeinendur:** Gyða Haraldsdóttir sálfræðingur og Lone Jensen uppeldisráðgjafi.